

1.

## MINNING UM JÓN SIGURÐSSON, FORSETA.

Dá eru og í dag liðin 150 ár frá því, að ástmögur Íslands var í þennan heim borinn. Enginn má, enginn getur fagnað endurreisn lýðveldisins, án þess að minnst Jóns Sigurðssonar, svo náð sem saman er ofið ævistarf þessa ágæta manns og endurheimt íslensks þjóðfrelsis.

Sjónarhóll Jóns Sigurðssonar var svo hár, að hann sá yfir fjöll og firnindi, í allar áttir og langt fram í tímann. Honum skildist til fullnustu að frelsisviðurkenningin ein nægði ekki blendingum, svo sem þá var komið högum þjóðarinnar. Þess vegna barðist hann á tvennum vígstöðvum í senn. Út á við fyrir auknu þjóðfrelsi. Á heimavígstöðvum gegn fátækt, deyfð, fáfræði og vesaldómi. Hann skilði vel, að það, sem á reið, var að manna þjóðina og mennta á öllum sviðum, vekja metnað hennar og kenna henni að græða óræktaða jörð og berjast við óblíða náttúru, eftir nýjum leiðum. Í allt þetta réðst hann. Öllu þessu stjórnaði hann einbeittur og ákveðinn, stefnufastur en varúðarfullur og aldrei ofsafenginn. Og fyrir það var dagsverk hans enn risavaxnara, að þessi mikli persónuleiki laðaði að sér marga mikilhæfustu menn þjóðarinnar sem litu á hann sem ókrýndan konung og fylgdu honum oftast fast að málum.

Svo mikill er frægðarljómi stjórnámalamannsins Jóns Sigurðssonar, að afrek vísindáamannsins Jóns Sigurðssonar hafa gleymst mörgum. En samt er það staðreynd, að það var vísindamaðurinn, sem sauð sverðin, sem stjórnámaláforinginn barðist til sigurs með. Það var í heimildum sögunnar sem Jón Sigurðsson fann rökin fyrir ágæti þjóðar sinnar og sannanirnar fyrir því að Íslendingar hefðu aldrei játast undir yfirráð neinnar annarrar þjóðar, og ættu því landsréttindi sín óskert. Með þessi gögn í höndunum, barðist Jóns Sigurðsson, æfilangri baráttu, sem, áður en ævisól hans gekk til viðar, hafði skilað þjóðinni furðulang áleiðis og jafnframt varðað leiðina til frelsis það skýrt, að eftirkomendum hans þurfti ekki að verða villugjarnt.

Þjóðkunnur Íslendingur sem fæddur er 40 árum síðar en Jón Sigurðsson og kynntist honum á stúdentsárum sínum í Kaupmannahöfn, Lýsti honum oft fyrir mér af mikilli hrifningu. Var ekki greint á milli, hvað hæst gnæfði í huga hans, mannkostir og mannvit eða glæsímennska og tign hins mikla skörungs.

Vafalaust hafa allir miklir menn átt sér slíka aðdáendur meðal yngri kynslóðar. Hitt efa ég, að nokkur þjóðforingi, sem á 150 ára afmæli sínu fengi að rísa upp úr gróf sinni, myndi heyra jafn einróma dóm þjóðar sinnar um manngildi sitt og starf, - myndi heyra þjóð sína mæla einum rómi, að óvenjuleg völd hans og áhrif í lífandi lífi hafa farið sívaxandi, - myndi heyra af hvers manns vörum, að enda þótt viðfangsefni nútíðar og framtíðar séu og verði gerólík .eim, sem hann glímdi við, þá sé hann sjálfur hin mikla fyrirmynd um stórhug og ættjarðarást.

Til þess að öðlast þennan dóm, nægja tæplega hinar mestu náðargjafir, enda þótt þær á löngum starfsdegi væru allar helgaðar ættjörðinni. Ýmsar ytri aðstæður bættu starfsskilyrði Jóns Sigurðssonar. Hann var búsettur í Kaupmannahöfn. Íslensk öfund var því síður í seilingarhæð við hann, og frelsisöldunnar, sem flæddu yfir Evrópu, náðu honum óbrotnar og fyrr en þær bárust að Íslands ströndum. Allt skóp þetta skilyrði til þess, kraftar hans nytu sín sem bezt og afrek hans yrðu einstæð í sögu landsins.

Margt af þessu hafa án efa margir oft sagt, og þarf engan að undra, svo oft sem þjóðforingjans er getið. Vilji menn heyra sannan dóm þjóðarinnar um Jón Sigurðsson, er hans hvað gleggst að leita í því, að einróma ákváðu forráðamenn þjóðarinnar fyrst að stofna Háskóla Íslands, síðan að endurreisa íslenska lýðveldið á fæðingardegi hans. Meiri sóma getur engin þjóð sýnt syni sínum.

Fyrir fimmtíu árum var á þessum degi flutt minningar-  
ræða af þessum svölum, þar sem ég stend nú, og á eftir henni sungð í fyrsta sinn hið fallega kvæði Hannesar Hafstein, sem hann kallaði Vorvísur á hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Ég vil enda orð mín með því að hafa yfir síðasta erindið úr því kvæði:

Sjá: óskmögur Íslands var borinn  
á Íslands vorgróðurstund,  
hans vor er í blænum á vorin,  
hans vilji og starf er í gróandi lund.  
Hann kom, er þrautin þunga  
stóð þjóðlífs fyrir vori,  
hann varð þess vorið unga  
með vöxt í hverju spori.  
Hundrað ára vor hans vekur  
vonir nú um Íslands byggð,  
nepjusúld og sundrung hrekur, sofnar lýð í dáð og tryggð.

Megi minning Jóns Sigurðssonar öld af öld sameina hugi  
þjóðarinnar í dáð og tryggð, hvænær sem mest á víður.

Megi minning hans ævinlega efla vorhug með Íslendingum -  
þann hug sem er í sett við hækandi sól og vaxandi gróður  
og þá árstíð, þegar bjartast er og fegunast á landi  
okkar.

Ísland lífi.

Kafli úr ræðu 17. júní 1961.  
(Mbl. 20. júní 1961).